

# Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP



Þriðjudaginn 11. janúar var fyrsti fundur ársins 2022 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, sr. Gísli Jónasson prófastur og Þórsteinn Ragnarsson forstjóri. Prófastur las ritningarlestur og fór með bæn.

Formaður bauð fundarmönnum gleðilegt ár, setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram.
2. Þjónustuhúsið í Kópavogskirkjugarði.
3. Farið yfir eignastýringu Landsbankans.
4. Fjárhagsáætlun 2022.
5. Aðalfundur KGRP 9. maí 2022.
6. Bálstofa Íslands ehf.
7. Jafnréttisáætlun KGRP 2021-2024.
8. Umsókn KGRP í kirkjugarðasjóð 2022.
9. Önnur mál.

-----

1. Fundargerð frá 14. desember var lögð fram og samþykkt með undirritun.
2. Lagt var fram bréf, dags. 4. janúar sl., til S.Þ. Verktaka ehf sem eru að byggja þjónustuhúsið í Kópavogskirkjugarði undirritað af forstjóra KGRP. Bréfið var skrifað vegna mikilla tafa sem orðið hafa á byggingu hússins. Í bréfinu var minnt á tafabætur skv. verksamningi og var verktakinn hvattur til að setja meiri kraft í verkið til að unnt verði að skila húsinu á tilsettum tíma, þ.e.a.s. um miðjan maí nk.
3. Lögð voru fram gögn um eignastýringu Landsbankans. KGRP eru með hluta af eftirlaunaskuldbindingunni (239 m.kr.) í vörslu hjá Landsbankanum og voru vextir á síðasta ári um 27,6 m.kr. eða tæplega 13% sem er mjög ásættanleg ávöxtun. Fram kom að breyting verður á eignastýringunni á þann veg að hlutfall eignatryggðra skuldabréfa og annarra skuldabréfa getur að hámarki verið 70% en er nú að hámarki 30%. Í núverandi fjárfestingarstefnu er eignaflokkurinn önnur skuldabréf hvorutveggja fyrir eignatryggðu skuldabréfin og önnur skuldabréf og geta samanlagt verið að hámarki 30%.

Vægi ríkisskuldabréfa getur því orðið töluvert minna í safninu en í núverandi stefnu.

Þessi áherslubreyting Landsbanka var samþykkt.

4. Fjárhagsáætlun hefur tafist hjá KGRP m.a. vegna mannaskipta í bókhaldi og verður áætlunin lögð fram á febrúarfundinum og fékk forstjóri heimild stjórnar til að standa straum af reglulegum útgjöldum KGRP þar til fjárhagsáætlun hefur verið afgreidd.
5. Minnisblað af fundi forstjóra, bókara og endurskoðanda, sem haldinn var 5. janúar, var lagt fram. Þar er lagt til að halda álfund KGRP mánudaginn 9. maí nk. og fundur framkvæmdastjórnar KGRP vegna ársreiknings 2021 verði haldinn þriðjudaginn 19. apríl kl. 08:00. Fram kom að aðalfundur KGSÍ verði haldinn laugardaginn 14. maí í Reykjavík. Dagsetningar samþykktar.
6. Lagt var fram vottorð frá fyrirtækjaskrá um stofnun einkahlutafélagsins Bálstofa Íslands, kt. 470122-0210. Stofnun Bí er liður í því að hraða ákvörðun stjórnvalda að byggja nýja bálstofu fyrir Íslands á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð. Skýrsla um kostnað við byggingu og rekstur hefur verið afhent ráðherrum í ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur.
7. Jafnréttisáætlun KGRP fyrir árin 2021-2024 var lögð fram. Áætlunin var unnin með aðstoð Jafnréttisstofu sem hefur samþykkt hana eins og hún liggur fyrir á heimasíðu KGRP: [www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is)
8. Lögð var fram umsókn KGRP í kirkjugarðasjóð. Sótt var um 25 m.kr. styrk vegna byggingar þjónustuhúss í Kópavogskirkjugarði og lagfæringar garðveggjarins umhverfis Hólavallagarð. KGRP fengu 20 m.kr. á síðasta ári í sömu verkefni.
9. Undir liðnum önnur mál var rætt um að auglýsa starf framkvæmdastjóra KGRP nú í janúar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.